

Landhelgisgæsla Íslands

Ársreikningur 2018

Landhelgisgæsla Íslands
Skógarhlíð 14
Reykjavík
710169-5869

Efnisyfirlit

	Bls
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnhagsreikningur.....	5-6
Sjóðsstreymi.....	7
Skýringar.....	8

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Landhelgisgæsla Íslands starfar skv. lögum nr. 52/2006, sem tóku gildi 1. júlí 2006 og hefur dómsmálaráðherra með höndum yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands. Landhelgisgæsla Íslands er öryggis-, eftirlits- og löggæslustofnun sem bæði gegnir hlutverki viðbragðsaðila og vöktunaraðila á hafinu umhverfis Ísland sem og að sinna aðkallandi sjúkraflutningum á sjó og landi. Landhelgisgæsla Íslands hefur frá 1. janúar 2011 einnig annast daglega framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna á Íslandi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur lýst því yfir að leitað verði eftir heimild Alþingis til þess að bæta stofnunum upp skerðingu á eigið fé sem hlaust af uppfærslu á orlofs- og frídagaskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi 2017. Á grundvelli þessa hefur verið færð krafa á ríkissjóð sem nemur orlofs- og frídagaskuldbindingu eins og hún var færð í stofnefnahagsreikning stofnunarinnar og á móti hefur sú upphæð verið færð til hækkanar á eigin fé. Stjórnendur Landhelgisgæslunnar vekja athygli á því að samþykki Alþingis liggur ekki fyrir og því ríkir óvissa um hvort þessar færslur eigi rétt á sér.


Á árinu 2018 var ársveltan 6.525,8 m.kr. og afkoma 26,9 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign 698,4 m.kr. í árslok og eignir nema samtals 9.181,9 m.kr. Ársverk voru 192 að meðaltali.

Landhelgisgæslan leggur áherslu á góða stjórnarhætti og ber forstjóri ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar, að hún starfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og lög og reglur sem um starfsemina gilda. Framkvæmdastjórn er forstjóra til ráðgjafar um daglegan rekstur og stefnumarkandi málefni stofnunarinnar. Í framkvæmdastjórn eru 10 einstaklingar auk forstjóra, 3 konur og 7 karlar. Forstjóri sér til þess að stjórvöld fái reglulega upplýsingar um rekstur stofnunarinnar eftir því sem við á hverju sinni.

Við höfum eftir bestu vitnesku sett fram ársreikning sem gefur glöggja mynd af rekstri Landhelgisgæslunnar á árinu 2018 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu 31. desember 2018 í samræmi við lög um ársreikninga, lög um opinber fjármál og fyrirmæli frá stjórvöldum.

Forstjóri og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs staðfesta ársreikning Landhelgisgæslu Íslands fyrir árið 2018 með undirritun sinni

Reykjavík, 12 ágúst 2019.



Georg K. Lárusson, forstjóri



Fríða Aðalgeirs Þórssdóttir, frkv.stj. rekstrarsviðs

Rekstrarreikningur árið 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Framlög ríkissjóðs til rekstrar.....	2	3.749.400.000	3.637.464.334
Framlög tengdra aðila til rekstrar.....	2	1.520.241.757	1.170.835.653
Fjárfestingaframlag.....	2,14	369.858.160	349.930.937
Aðrar tekjur.....	3	<u>886.293.346</u>	<u>1.003.112.956</u>
Tekjur samtals		<u>6.525.793.263</u>	<u>6.161.343.880</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	4	3.201.476.354	2.891.732.263
Annar rekstrarkostnaður.....	5	<u>2.901.504.360</u>	<u>2.857.181.695</u>
		<u>6.102.980.714</u>	<u>5.748.913.958</u>
Afskriftir.....	7	<u>369.858.160</u>	<u>349.930.937</u>
Gjöld samtals		<u>6.472.838.874</u>	<u>6.098.844.895</u>
Tekjuafgangur án fjármagnsliða		<u>52.954.389</u>	<u>62.498.985</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	6	<u>(26.020.223)</u>	<u>(5.613.755)</u>
		<u>(26.020.223)</u>	<u>(5.613.755)</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>26.934.166</u>	<u>56.885.230</u>

Efnahagsreikningur 31. desember2018

Eignir	Skýr	2018	2017
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Farartæki, tæki og búnaður.....	7	<u>7.245.170.113</u>	<u>7.357.410.163</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Langtímakröfur v/viðhalds á leigðum þyrlum.....	8	<u>0</u>	<u>16.974.810</u>
Veltufjármunir			
Birgðir.....	10	432.198.527	444.978.501
Viðskiptakröfur.....	11	195.594.935	155.582.952
Staða við ríkissjóð og ráðuneyti.....	12	459.671.871	513.772.124
Fyrirframgreiddur viðhaldskostnaður þyrla.....	8	531.667.919	498.005.475
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður.....	9	174.139.350	189.561.382
Vörslufé.....	13	36.068.959	79.865.036
Handbært fé.....		<u>107.348.614</u>	<u>167.406.235</u>
Veltufjármunir samtals		<u>1.936.690.175</u>	<u>2.049.171.705</u>
Eignir alls		<u>9.181.860.288</u>	<u>9.423.556.678</u>

Efnahagsreikningur 31. desember2018

Eigið fé og skuldir	Skýr	2018	2017
Eigið fé			
Hrein eign.....	14	698.383.947	671.449.781
Eigið fé samtals		698.383.947	671.449.781
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Frestað framlag vegna varanlegra rekstrarfjármuna.	15	6.860.661.906	6.917.824.333
Viðhaldsskuldbinding vegna leigðra þyrla.....	8	0	374.345.196
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		6.860.661.906	7.292.169.529
Skammtímaskuldir			
Tengdir aðilar.....	12	88.439.545	56.921.067
Vörlufé.....	13	36.068.959	79.865.036
Viðskiptaskuldir.....	16	229.992.481	283.325.734
Viðhaldsskuldbinding vegna leigðra þyrla.....	8	610.858.528	176.178.687
Ýmsar skammtímaskuldir.....	17	440.355.606	424.061.014
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda.....	15	217.099.316	439.585.830
Skammtímaskuldir samtals		1.622.814.435	1.459.937.368
Skuldir alls		8.483.476.341	8.752.106.897
Eigið fé og skuldir samtals		9.181.860.288	9.423.556.678

Sjóðsstreymisyfirlit ársins 2018

	2018	2017
Rekstrarhreyfingar		
<i>Hreint veltufé frá rekstri</i>		
Afkoma ársins.....	26.934.166	56.885.230
<i>Rekstrarlíðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi</i>		
Afskriftir.....	369.858.160	349.930.937
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára.....	<u>(369.858.160)</u>	<u>(349.930.937)</u>
Veltufé frá rekstri	<u>26.934.166</u>	<u>56.885.230</u>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</i>		
Skammtimakröfur lækkun (hækkun).....	39.643.935	(135.992.217)
Birgðir lækkun (hækkun).....	12.779.974	(1.626.626)
Skammtímaskuldir hækkun.....	<u>385.363.581</u>	<u>142.449.946</u>
Breytingar á rekstrartengdum samtals	<u>437.787.490</u>	<u>4.831.103</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>464.721.656</u>	<u>61.716.333</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Keyptr varanlegir rekstrarfjármunir	(257.828.215)	(47.972.797)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	<u>1.895.500</u>	<u>2.137.130</u>
Fjárfestingahreyfingar	<u>(255.932.715)</u>	<u>(45.835.667)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Langtímakröfur.....	16.974.810	15.626.128
Langtímaskuldbindingar.....	<u>(374.345.196)</u>	<u>(26.666.790)</u>
Fjárfestingaframlag.....	<u>88.523.824</u>	<u>45.835.667</u>
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(268.846.562)</u>	<u>34.795.005</u>
Breyting á handbæru fé	(60.057.621)	50.675.671
Handbært fé í ársbyrjun	167.406.235	116.730.564
Handbært fé í lok ársins	<u>107.348.614,0</u>	<u>167.406.235,0</u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Almennar upplýsingar

Landhelgsgæsla Íslands var stofnuð 1. júlí 1926. Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Skógarhlíð 14 í Reykjavík en starfsstöðvar eru líka á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli, í skipum og ratstjárförum. Landhelgsgæsla Íslands starfar skv. lögum nr. 52/2006, sem tóku gildi 1. júlí 2006 og hefur dómsmálaráðherra með höndum yfirstjórn stofnunarinnar. Landhelgsgæsla Íslands er öryggis-, eftirlits- og löggæslustofnum sem bæði gegnir hlutverki viðbragðsaðila og vöktunaraðila á hafinu umhverfis Ísland sem og að sinna aðkallandi sjúkraflutningum á sjó og landi. Landhelgsgæsla Íslands hefur frá 1. janúar 2011 einnig annast daglega framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna á Íslandi.

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga auk stjórvaldsákvvarðana. Helstu reikningsskilaðferðir sem notaðar eru við gerð ársreikningsins eru útskýrðar hér á eftir.

Reikningsskilalaráð ríkisins hefur samþykkt innleiðingaráætlun vegna innleiðingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðum fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild. Áætlunin miðar við að fullri innleiðingu staðlanna ljúki í árslok 2019.

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum og skuldum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum Reikningsskilalaráðs ríkisins eða styðjast við ákvæði í alþjóðlegum reikningsskilastaðli fyrir opinbera aðila, IPSAS 33 , sem tekur til innleiðingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðum. Ráunverulegt verðmæti þeirra liða sem byggja á mætsforsendum stjórnenda getur við sölu eða innlausn reynst annað en það sem er í ársreikningnum.

1.1 Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækins endurgjalds. Tekjur af sölu vörur eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veitrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárheimildir til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárheimildir ársins vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum eru færðar sem frestaðar tekjur og afskrifaðar á reikningsárinu með tekjufærslu yfir rekstrarreikning. Tekjufærsla fjárfestingaframlaga ársins myndar þannig mótfærslu við gjaldfærðar afskriftir fjármuna.

Í efnahagsreikningi er óafskrifað fjárfestingaframlag fært til skuldar meðal langtímaskulda sem frestað framlag vegna varanlegra rekstrarfjármuna en sá hluti sem áætlað er að tekjufærist á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda.

Samkvæmt 37. grein laga nr. 146/2015 skulu vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum ríkisaðila í A-hluta renna í ríkissjóð. Þessi grein kom til framkvæmdar á árinu 2017 og eru því engar vaxtatekjur eða fjármangstekjkattur þeim tengdur í ársreikningi Landhelgsgæslunnar.

1.2 Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

1.3 Skattar

Landhelgsgæsla Íslands greiðir virðisaukaskatt af aðföngum, eldsneytisgjöld, fasteignaskatta, bifreiðagjöld og ýmis leyfisgjöld. Stofnunin greiðir ekki tekjkatt.

Skýringar

1.4 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sem aflað hefur verið árið 2017 og fyrr eru ekki færðar í reikningum stofnunarinnar á grundvelli ársreikningalaga. Ekki komu til fjárfestingar í óefnislegum eignum á árinu 2018.

1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru eignfærðir í efnahagsreikningi og afskrifaðir á áætluðum notkunartíma.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð þannig að mismunur á kostnaðarverði og hrakvirði færst til gjalda á áætluðum notkunartíma egnanna þó með þeirri undantekningu að loftför eru eignfærð í hlutum þar sem líftími stærri vélarhluta miðast við og afskrifast samkvæmt flugtímanotkun. Álmennar afskriftir eru sem hér segir:

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Varðskip og loftför	25-50 ár
Áhöld og búnaður	10-15 ár
Farartæki, vélar og aðrar eignir	5-10 ár
Stærri vélarhlutir loftfara	Flugtími

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingahheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.6 Birgðir

Rekstrarvörulager er metinn á meðalkostnaðarverði samkvæmt birgðakerfi, olíubirgðir skipa eru metnar á FIFO grunni og varahlutalager flugvéla er skráður í birgðakerfi í evrum og er uppreiknaður á meðalgengi síðustu tveggja ára fyrir reikningsskiladag.

1.7 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

1.8 Vörslusjóðir

Stofnunin hefur umsjón með sjóðum sem varðveittir eru á bankareikningum stofnunarinnar og eru ekki hluti af handbæru fé.

1.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum. Innstæður í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á uppgjörsdegi.

Skýringar

1.10 Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra. Viðhaldsskuldbinding er færð á móti notkun leiguvéla og felur í sér samningsbundinn kostnað á grundvelli notkunar og er ætlað að koma leigumun í upprunalegt ástand.

1.11 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru aðrir ríkisaðilar í A-hluta.

1.12 Skuldbindingar

Skuldbindingar vegna leigugreiðslna á þyrlum, ýmissa þjónustusamninga og annarra langtímasamninga eru reiknaðar og settar fram í skýringum en eru ekki færðar í efnahagsreikning stofnunarinnar.

Áfallin og gjaldfallin orlofsskuldbinding starfsmanna í árslok er færð til skuldar. Fyrir 2017 var skuldbinding ekki bókuð á tímabil, en gjaldfærsla átti sér stað á árinu eftir eða síðar við úttekt réttindanna. Við gerð ársreiknings 2017 var áætlað mótfamlag ríkissjóðs á móti orlofsskuldbindingu 1.1. 2017 og stendur þar enn.

Skuldbindingar vegna áunninna réttinda starfsmanna, svo sem launaðra námsleyfa, veikindaréttar og fleira eru ekki færðar í reikninga stofnunarinnar.

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skýringar

2 Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til Landhelgisgæslu Íslands námu samtals 3.691,8 m.kr. Fjárheimildir ársins námu 3.749,4 m.kr. sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Landhelgisgæsla Íslands				
Aðrar tekjur.....	(455.800)	(455.800)	(2.406.535)	1.950.735
Laun og launatengd gjöld.....	2.193.400	2.254.700	3.201.476	(946.776)
Önnur rekstrargjöld.....	1.921.500	1.950.500	2.901.504	(951.004)
Aðrar tilfærslur.....	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	3.659.100	3.749.400	3.696.446	52.954
Afskriftir.....		(369.858)	(369.858)	0
Framlag til eignakaupa.....	32.700	0	0	0
Framlag vegna afskrifta.....	0	369.858	369.858	0
Fjármunatekjur / fjármunagjöld.....	0	0	26.020	(26.020)
Samtals Landhelgisgæsla rekstur	3.691.800	3.749.400	3.722.466	26.934

Rekstrarreikningur árið 2018 sundurliðaður á málefni

Í þús. kr.	2018	Landhelgi	Varnarmál
Tekjur			
Framlög ríkissjóðs til rekstrar.....	3.749.400	3.749.400	0
Framlög tengdra aðila til rekstrar.....	1.520.242	53.137	1.467.105
Fjárfestingaframlag.....	369.858	355.531	14.327
Aðrar tekjur.....	886.293	677.932	208.361
Tekjur samtals	6.525.793	4.836.000	1.689.793
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	3.201.476	2.672.248	529.228
Starfsmannatengdur kostnaður.....	149.726	81.662	68.064
Funda- og ferðakostnaður.....	214.043	175.698	38.344
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	540.437	168.859	371.577
Þyreruleiga.....	426.996	426.996	0
Eldsneyti, olíur og aðrir orkugjafar.....	203.731	195.622	8.109
Viðhaldskostnaður.....	812.796	559.652	253.144
Tryggingar, skattar og ýmis gjöld.....	53.687	51.277	2.410
Annar rekstrarkostnaður.....	500.089	279.744	220.345
	6.102.981	4.611.759	1.491.222
Afskriftir	369.858	355.531	14.327
Gjöld samtals	6.472.839	4.967.290	1.505.549
Tekjuafgangur(halli) án fjármagnsliða	52.954	(131.290)	184.244
Gengishagnaður(tap).....	(23.791)	(24.456)	665
Aðrar fjármunatekjur(gjöld).....	(2.230)	(2.075)	(155)
	(26.020)	(26.531)	510
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	26.934	(157.820)	184.754

Skýringar

3 Aðrar tekjur

Leigutekjur í Landhelgi eru af skipum og flugvélum og námu tæplega 375,5 m.kr. á árinu 2018. Leigutekjur í varnarmálahluta koma til af leigu á mannvirkjum og námu um 166,1 milljónum króna. Jafnframt voru tekjur af sérfræðipjónustu, vörusölu og ýmsar aðrar tekjur sem samtals námu um 302,5 milljónum króna árið 2018.

	2018	2017
Landhelgi		
Leigutekjur.....	375.458.109	503.898.701
Sérfræðipjónusta og pjónustutekjur.....	113.644.252	79.212.358
Vörusala varahluta og sjómælinga.....	32.322.215	37.192.791
Aðrar tekjur.....	156.507.859	213.118.336
	677.932.435	833.422.186
Varnarmál		
Leigutekjur.....	166.051.481	169.111.360
Aðrar tekjur.....	42.309.430	579.410
	208.360.911	169.690.770
Aðrar tekjur samtals	886.293.346	1.003.112.956

4 Laun og launatengd gjöld

Kostnaður við laun og launatengd gjöld nam 3.201,5 m.kr. Af 192,1 ársverki voru 148,6 í Landhelgishluta og 43,5 í Varnarmálahluta.

	2018	2017
Dagvínna.....	1.668.232.113	1.500.843.428
Yfirvinna og álagsgreiðslur.....	592.703.927	546.533.567
Aðrar greiðslur.....	282.301.868	249.187.119
Launatengd gjöld.....	619.966.945	556.840.535
Breyting á orlofsskuldbindingu.....	38.271.501	38.327.614
	3.201.476.354	2.891.732.263
Ársverk		
Landhelgi - ársverk.....	148,6	142,8
Varnarmál - ársverk.....	43,5	43,3
	192,1	186,1

5 Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér sést.

	2018	2017
Starfsmannatengdur kostnaður.....	149.726.091	85.979.350
Funda- og ferðakostnaður.....	214.042.581	193.442.260
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	540.436.704	543.044.971
Þyríruleiga.....	426.995.760	426.098.760
Eldsneyti, oliur og aðrir orkugjafar.....	203.731.043	176.720.186
Viðhaldskostnaður.....	812.796.415	972.848.075
Tryggingar, skattar og ýmis gjöld.....	53.686.996	64.161.831
Annar rekstrarkostnaður.....	500.088.770	394.886.262
	2.901.504.360	2.857.181.695

Skýringar

6 Fjármagnsliðir

Tap af fjármagnsliðum á árinu 2018 nam 26, milljónum króna.

Frá og með 2017 renna vaxtatekjur í ríkissjóð sem einnig tekur fjármagnstekjkatt á sig.

	2018	2017
Vaxtagjöld.....	(2.229.624)	(381.899)
Gengishagnaður.....	74.330.781	56.534.491
Gengistap.....	(98.121.380)	(61.766.347)
Annar fjármaganshagnaður(tap)	(26.020.223)	(5.613.755)

7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Skip og bátar.....	3.867.772.233	4.022.335.444
Loftför.....	3.134.392.294	3.162.268.407
Áhöld, búnaður, farartæki ofl.....	191.238.114	172.806.312
Verk í vinnslu.....	51.767.472	0
	7.245.170.113	7.357.410.163

	Skip og bátar	Loftför	Áhöld, búnaður, ofl.	Verk í vinnslu	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 01.01.2018.....	8.871.107.054	5.432.761.085	293.698.686	0	14.597.566.825
Fjárfesting ársins.....	0	156.227.233	49.833.510	51.767.472	257.828.215
Selt/niðurl. 2018.....	0 (156.283.920)	(6.301.050)	0 (6.301.050)	0 (162.584.970)	0 (162.584.970)
Staða 31.12.2018.....	<u>8.871.107.054</u>	<u>5.432.704.398</u>	<u>337.231.146</u>	<u>51.767.472</u>	<u>14.692.810.070</u>
Afskriftir					
Afskriftir 01.01.2018..	4.848.771.610	2.270.492.678	120.892.374	0	7.240.156.662
Afskrift ársins.....	154.563.211	184.103.346	29.529.453	0	368.196.010
Selt/niðurl. 2018.....	0 (156.283.920)	(4.428.795)	0 (4.428.795)	0 (160.712.715)	0 (160.712.715)
Staða 31.12.2018.....	<u>5.003.334.821</u>	<u>2.298.312.104</u>	<u>145.993.032</u>	<u>0</u>	<u>7.447.639.957</u>
Staða 31.12.2018.....	<u>3.867.772.233</u>	<u>3.134.392.294</u>	<u>191.238.114</u>	<u>51.767.472</u>	<u>7.245.170.113</u>

Áætlaðar afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2018, niður í hrakvirði ef við á, eru eftirfarandi:

	Skip og bátar	Loftför	Áhöld, búnaður, ofl.	Verk í vinnslu	Samtals
2019.....	84.720.487	108.854.214	21.485.948	2.038.667	217.099.316
2020.....	82.501.696	104.962.892	18.857.851	1.655.969	207.978.408
2021.....	80.365.983	101.220.361	16.589.566	1.600.825	199.776.736
2022.....	78.308.576	97.620.050	14.624.391	1.547.518	192.100.535
2023 og síðar.....	3.360.289.965	2.280.870.461	104.984.739	44.924.492	5.791.069.657
	<u>3.686.186.709</u>	<u>2.693.527.977</u>	<u>176.542.495</u>	<u>51.767.472</u>	<u>6.608.024.652</u>

Stofnunin tryggir öll loftför sem hún rekur sem og varðskipið Þór. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru ótryggðir fyrir utan hefðbundnar skyldutryggingar. Vátryggingarverðmæti áðurnefndra eigna er samkvæmt tryggingarskíteinum eftirfarandi:

Flugvél TF-SIF.....	3.745.826.000
þyrlan TF-LÍF.....	1.395.960.000
þyrlan TF-GNÁ (leiguvel, ekki eignfærð).....	1.803.115.000
þyrlan TF-SÝN (leiguvel, ekki eignfærð).....	1.221.465.000
Varðskipið Þór.....	7.000.000.000

Skýringar

8 Varahlutasamningur þyrlna

Á stofnuninni hvílir viðhaldsskuldbinding vegna leigðra þyrla (TF-GNÁ og TF-SÝN). Skammtímaskuldbinding er hluti viðhaldsskuldbindingar sem ætlað er að falli til fyrir 31. desember 2019 en langtímaskuldbinding er ætlað að falli til eftir 31. desember 2019. Skuldbindingin er í evrum.

	31.12.2018	31.12.2017
Skammtímaskuldbindingar.....	610.858.528	176.178.687
Langtímaskuldbindingar.....	0	374.345.196
	610.858.528	550.523.883

Stofnunin greiðir gjald fyrir hverja flugstund á þyrlum inn í viðhaldssjóð sem síðan er nýttur til kaupa á stærri vélarhlutum. Viðhaldssjóðurinn er í evrum og er geymdur í Seðlabanka Íslands í vörslu Fjársýslu Ríkisins.

	31.12.2018	31.12.2017
Fyrirframgreiddur viðhaldskostnaður þyrlna.....	531.667.919	498.005.475
Langtímakröfur vegna viðhaldssamninga þyrlna.....	0	16.974.810
Skammtímakröfur vegna viðhaldssamninga þyrlna.....	110.269.528	97.934.950
	641.937.447	612.915.235

Meðal annarra krafna er krafa á varahlutasala þar sem hluti af varahlutum var ekki með fullan líftíma við afhendingu þrátt fyrir að Landhelgsgæslan hafi greitt fyrir þá fullt verð. Einnig hefur leigusali leiguþyrlna skuldbundið sig til þess að standa straum af ákveðnum hluta viðhaldsskuldbindingar sem hvílir á leiguvélunum. Leigusali mun greiða fyrir viðhald á tilteknun vélarhlutum þegar viðhaldið kemur til framkvæmdar. Heildarkrafa Landhelgsgæslunnar á leigusala vegna þessa stóð í ISK 110,3 m.kr. í lok árs 2018 og er krafan í evrum.

9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af kröfu á varahlutasala sbr. skýringu nr. 8 og fyrirframgreiðslum til birgja, samtals 174,1 m.kr., á ýmsum varahlutum, þjónustu sem og framkvæmdum.

	31.12.2018	31.12.2017
Skammtímakröfur vegna viðhaldssamninga þyrlna sbr. skýringu 8.....	110.269.528	97.934.950
Fyrirframgreiðslur vegna framkv., varahluta, þjónustu og trygginga.....	63.869.822	91.626.432
	174.139.350	189.561.382

10 Birgðir

Birgðir eru bókfærðar á kostnaðarverði. Ekki hefur verið færð varúðarniðurfærsla og hefur virðisrýrnun eða úreldingu á rekstrarvörubirgðum og varahlutalager verið færð þegar upplýsingar um slíkt liggja fyrir. Varahlutalager loftfara er færður í evrum í birgðakerfi og er umreiknaður í íslenskar krónur á meðalgengi 24 mánaða tímabils fyrir reikningsskiladag. Olíubirgðir varðskipa eru færðar í efnahagsreikning miðað við FIFO reglu.

	31.12.2018	31.12.2017
Rekstrarvörubirgðir.....	11.036.671	13.499.623
Olíubirgðir varðskipa.....	81.580.140	76.960.672
Varahlutalager loftfara.....	339.581.716	354.518.206
	432.198.527	444.978.501

Skýringar

11 Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur eru að mestu vegna sölu á vöru- og þjónustu bæði til innlendra og erlendra aðila.

	31.12.2018	31.12.2017
Viðskiptakröfur	243.631.339	156.851.236
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(48.036.404)	(1.268.284)
	<u>195.594.935</u>	<u>155.582.952</u>

	31.12.2018	31.12.2017
Innlendar kröfur.....	40.069.497	38.667.623
Erlendar kröfur.....	71.974.359	73.697.844
Kröfur á tengda aðila.....	83.551.079	43.217.485
	<u>195.594.935</u>	<u>155.582.952</u>

12 Staða við ríkissjóð og utanríkisráðuneytið

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar við ríkissjóð og utanríkisráðuneytið. Þannig er skuld eða inneign við ríkissjóð færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2018 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 97,9 m.kr. sem er lækkun um 54,1 m.kr. á árinu. Utanríkisráðuneytið fjármagnar rekstur stofnunarinnar á rekstri öryggis- og varnarmála.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður muni veita stofnuninni framlag til þess að mæta orlofs- og frídagaskuldbindingum eins og þær voru færðar í stofnenehagsreikning stofnunarinnar. Þetta er gert samkvæmt fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ekki liggur fyrir samþykkt Alþingis á framlaginu.

	31.12.2018	31.12.2017
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	97.857.305	151.957.558
Áætlað framlag ríkissjóðs vegna orlofsskuldbindingar 1.1.2017	361.814.566	361.814.566
	<u>459.671.871</u>	<u>513.772.124</u>

Greiðslustaða við ríkissjóð breyttist þannig:

Staða 1. janúar 2018.....	151.957.558
Ríkisframlag.....	3.782.100.000
Greiðslur.....	(3.834.309.445)
Millifærslur.....	(1.890.808)
Staða 31.12.2018	<u>97.857.305</u>

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

	31.12.2018	31.12.2017
Viðskiptaskuldir við ríkisaðila í A-hluta.....	88.439.545	56.921.067
- þ.a. greiðslustaða við utanríkisráðuneytið.....	24.996.067	19.769.042

Skýringar

13 Vörlusjóðir

	31.12.2018	31.12.2017
Vörlusjóðir.....	36.068.959	79.865.036

Stofnunin hefur tekið til vörlu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð 36,1 m.kr. sem varðveittar eru á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en teljast ekki til handbærs fjár. Vörluféð er vegna framlaga úr mannvirkjasjóði NATO. Framlöginn eru nýtt til að standa straum af kostnaði við verkefni sem eru fjármögnuð af sjóðnum.

Hreyfingar á vörlusjóði voru eftirfarandi:

Staða 01.01.2018.....	79.865.036
Innborganir frá mannvirkjasjóði NATO og vaxtatekjur.....	1.213.812.935
Greiddir reikningar og kostnaður vegna verkefna mannvirkjasjóðs NATO.....	<u>(1.257.609.012)</u>
Staða 31.12.2018	<u>36.068.959</u>

14 Eigið fé

Eigið fé Landheigsgæslunnar í árslok 2018 nemur 698,4 m.kr.

Þar af er tekjuafgangur vegna ársins 2018 um 56,9 m.kr.

	31.12.2018	31.12.2017
Höfuðstóll 01.01.....	671.449.781	252.749.985
Tekjuafgangur ársins.....	26.934.166	56.885.230
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar.....	0	361.814.566
Höfuðstóll 31.12.....	<u>698.383.947</u>	<u>671.449.781</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 361,8 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

15 Frestaðar tekjur

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárhilmida sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingaheimilda.....	7.245.170.113	7.357.410.163
- þar af áætluð tekjufærsla á næsta reikningsári.....	217.099.316	112.240.050
- þar af áætluð tekjufærsla til að mæta afskriftum á síðar	7.028.070.797	7.245.170.113

	Frestaðar tekjur v/fjárfestinga	Fjárfestinga- heimild	Samtals frestaðar tekjur fjárfestinga
Staða 01.01.2018.....	7.357.410.163	0	7.357.410.163
Rekstrarfjárhilmild flutt á fjárfestingaheimild	0	88.523.824	88.523.824
Bókfært verð seldra eigna.....	(1.872.255)	1.872.255	0
Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum.....	0	1.685.395	1.685.395
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	257.828.215	(257.828.215)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna.....	(369.858.160)	0	(369.858.160)
Staða 31.12.2018	<u>7.243.507.963</u>	<u>(165.746.741)</u>	<u>7.077.761.222</u>

Skýringar

16 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru að mestu leyti vegna kaupa á rekstrarvöru, varahlutum og þjónustu frá birtgjum.

	31.12.2018	31.12.2017
Viðskiptaskuldir.....	229.992.481	283.325.734
- þær af í íslenskum krónum.....	176.056.476	215.327.558
- þær af í erlendri mynt.....	53.936.005	67.998.176

17 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Skattar, viðskiptareikningar.....	744.617	1.254.330
Ógreitt órlof.....	259.327.090	244.130.885
Ógreiddir áunnir frídagar.....	179.086.591	156.011.295
Ógreidd laun.....	1.197.308	22.664.504
	440.355.606	424.061.014

18 Eignir fyrir utan efnahagsreikning

Stofnunin hefur í gegnum árin gjaldfært fjárfestingu í óefnislegum eignum svo sem tölvukerfum. Þessar eignir eru ekki færðar í efnahagsreikning stofnunarinnar. Landhelgsgæsla Íslands fer með rekstur öryggis- og varnarmála fyrir hönd utanríkisráðuneytisins samanber samning milli aðila frá árinu 2014. Landhelgsgæsla Íslands annast þar með talið fasteignir, tölvukerfi, vélar og tæki á öryggis- og varnarsvæðinu í Keflavík og á fjórum ratsjárstöðvum. Hluti af þessum eignum eru fjármagnaðar af Atlantshafssbandalaginu og hluti þeirra er fjármagnaður af íslenska ríkinu. Þessar eignir standa fyrir utan efnahagsreikning Landhelgsgæslu Íslands, bæði efnislegar og óefnislegar eignir.

19 Skuldbindingar fyrir utan efnahagsreikning í þúsundum króna

Landhelgsgæsla Íslands er með leigusamninga um þyrlur sem eru skilgreindir sem rekstrarleigusamningar samkvæmt IAS 17 og er leigan því gjaldfærð þegar hún fellur til og ekki er færð upp skuldbinding eða eign vegna þessara samninga í reikninga stofnunarinnar. Þá hefur Landhelgsgæslan gert aðra skuldbindandi samninga sem standa fyrir utan efnahagsreikning. Samandregið yfirlit sýnir hvernig þær skuldbindingar skiptast:

	2019	2020	2021	2022
Samningar varnarmál.....	221.561	166.125	182.926	37.141
Leigusamningar þyrlna.....	438.240	262.240	29.040	0
Viðhaldssamningar loftfara.....	171.441	151.782	111.688	106.526
Húsaleigusamningur.....	50.444	40.754	6.155	6.299
Rekstrar- og þjónustusamningar	703.186	22.298	22.705	23.111
	1.584.871	643.199	352.513	173.077

Skuldbindingar vegna hlunninda starfsmanna

Stofnunin hefur áhvílandi skuldbindingar vegna áunninna námsleyfa starfsmanna, áunnins veikindaréttar og hugsanlega fleiri áunninna réttinda samkvæmt kjarasamningum. Þessar skuldbindingar eru ekki færðar í reikninga stofnunarinnar.

Lifeyrisskuldbinding

Lifeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna Landhelgsgæslunnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding ekki færð í reikninga stofnunarinnar en heildarskuldbinding ríkissstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.